# KEFLAVÍK





*íþrótta-og ungmennafélag*

Hringbraut 108
230 Keflavík
Sími: 421-3044
Fax: 421-3064
Heimasíða: http//www.keflavik.is
Póstfang keflavik@keflavik.is

| | |
|---|---|
| Formaður: | Einar Haraldsson |
| Varaform.: | Kári Gunnlaugsson |
| Gjaldkeri: | Þórður M. Kjartansson |
| Ritari: | Sigurvin Guðfinnsson |
| Meðstjórn.: | Birgir Ingibergsson |
| Varastjórn: | Bjarney S. Snævarsdóttir |
| | Sveinn Adólfsson |
| | Guðjón Axelsson |

# Efnisyfirlit

Efnisyfirlit....2
Undirbúningur....3
Markmið....3
Tími og tímabil....3
Auglýsingar og kynningarstarfsemi....4
Skráning....4
Þátttökugjald....4
Þátttaka – fjöldi....4
Gjafir til þátttakenda....4
Leiðbeinendur og starfsfólk....5
Miðar heim með börnum....5
Útskrift - lokadagur....5
Slys....5
Þátttaka vinnuskólans....6
Börn sem þurfa meiri aðstoð....6
Bækistöðvar....6
Dagskráin....7
Fyrra námskeið....7
Seinna námskeið....8
Mælingar á árangri barna....9
Samstarfsaðilar....9
Myndir og heimasíða....9
Kostnaður -Uppgjör....10
Að lokum....10
Nafnalisti....11
Gröf....14
Tölfræði....14
Kynjaskipting....14
Aldursskipting....15
Aldursskipting....16

# Undirbúningur

Aðalstjórn Keflavíkur gerði samning við ÍT um rekstur á Íþrótta og leikjaskóla í Reykjanesbæ sumarið 2009. Umsjón skólans var áfram í höndum Einars Haraldsson, en hann hefur haft umsjón með honum síðast liðin ár. Rut Sigurðardóttir og Sæunn Sæmundsdóttir voru ráðnar leiðbeinendur skólans og sáu þau um skipulagningu hans. Þetta var fimmtánda árið í röð sem aðalstjórn Keflavíkur, íþrótta- og ungmennafélags, heldur utan um skólann, sem er ætlaður fyrir börn á aldrinum 6-11 ára. Það er því kominn góð reynsla á skólann og dagskráin var byggð á þeirri reynslu og var nokkuð svipuð og síðast liðin ár.

# Markmið

1. Kynna þátttakendum sem flestar íþróttagreinar.

2. Efla félagsþroska og samskiptahæfni.

3. Auka hreyfifærni og bætt líkamsþrek.

4. Þátttakendur kynnist náttúru sveitarfélagsins og nágrannasveitarfélaga betur

   og upplifi umhverfi sitt á nýjan hátt.

5. Kynna börnum atvinnuhætti og ýmis fyrirtæki og stofnanir.

6. Stuðla að aukinni útiveru barna og hvetja þau til að nýta umhverfið

   til margbreytilegra leikja.

# Tími og tímabil

Starfrækt voru tvö þriggja vikna námskeið í sumar. Það fyrra frá 15. júní til 3. júlí og það seinna frá 6. júlí til 24. júlí. Boðið var upp á að vera annað hvort fyrir hádegi frá kl 9-12 eða eftir hádegi frá kl. 13-16.

# Auglýsingar og kynningarstarfsemi

Dreift var skráningar og kynningarblaði í alla fyrstu, aðra, þriðju, fjórðu og fimmtu bekki í öllum grunnskólum Reykjanesbæjar. Einnig var sett grein á heimasíðu Keflavíkur, íþrótta-og ungmennafélags. Fyrir seinna námskeiðið var auglýst í vikublaðinu Víkurfréttum.

# Skráning

Skráning fyrir fyrra námskeiðið var dagana 10. og 11.júní og sáu Rut og Sæunn um þá skráningu. Skráning fyrir seinna námskeiðið var 1. og 2.júlí og var sú skráningar í höndum Einars Haraldssonar og drengs sem vinnuskólinn útvegaði. Skráningin fór fram á skrifstofu félagsins, Hringbraut 108. Nokkrir skráðu sig eftir að skólinn var byrjaður.

# Þátttökugjald

Innritunargjald var kr. 3500. Þátttökugjaldið var niðurgreitt um helming vegna styrks sem Íþrótta og leikjaskóli Keflavíkur hlaut frá Velferðarsjóði barna. Styrkurinn var einnig notaður í að bjóða börnunum upp á einn ávöxt á dag.

# Þátttaka – fjöldi

Þátttaka í skólanum í ár var með ágætum samtals tóku 101 barn þátt. Þ.e. á fyrra námskeiðið voru 24 börn fyrir hádegi og 26 börn eftir hádegi en á seinna námskeiðinu voru 18 börn fyrir hádegi og 33 eftir hádegi.

# Gjafir til þátttakenda

Á fyrra námskeiðinu voru börnin leyst út með ýmsum gjöfum. Vífilfell gaf hverju barni merktan stuttermabol og S.S. gaf börnunum blöðrur. Á seinna námskeiðinu voru gjafirnar af öðrum toga. Hver nemandi fékk þá derhúfu að gjöf frá Vífilfelli og S.S. gaf börnunum blöðrur. Vöktu þessar gjafir ekki minni lukku en þær sem voru á fyrra námskeiðinu. Á báðum námskeiðunum var fjársjóðsleit þar sem faldir voru annars vegar skopparaboltar og hinsvegar sápukúlur sem börnin fengu að eiga að degi loknum.

# Leiðbeinendur og starfsfólk

Leiðbeinendur ásamt skólastjóra voru 3 í fullu starfi.

Leiðbeinendur voru þau:

- *Rut Sigurðardóttir,* 24 ára íþróttafræðingur.

- *Sæunn Sæmundsdóttir*, 25 ára nemi í íþróttafræði við HR.

Umsjónarmaður var:

- *Einar Haraldsson*, 52 árs húsasmíðameistari. Hann hafði umsjón með daglegum rekstri skólans, ásamt því að aðstoða við ýmis verkefni skólans.

# Miðar heim með börnum

Börnin voru send heim með miða til þess að minna foreldra á eftirtalda daga: hjóladagur, sund, óvissuferð og lokadagur.

# Útskrift - lokadagur

Á lokadegi hvors námskeiðs var haldin glæsileg grillveisla þar sem foreldrum og systkinum var einnig boðið. Þar voru til sýnis listaverk sem börnin höfðu gert á sköpunardeginum og fengu börnin sín listaverk til að fara með heim. Börnin fengu hinar ýmsu gjafir ásamt viðurkenningarskjali með upplýsingum um árangur þeirra í nokkrum greinum s.s. boltakasti, sippa, langstökki, hlaupi ofl.

# Slys

Tvö slys urðu þetta sumarið. Stúlka datt í Reykjaneshöllinni og hlaut áverka á handlegg og kom í ljós eftir læknisskoðun sprunga í beini framhandleggs, stúlkan kláraði samt sem áður námskeiðið. Einnig varð slys í hjólreiðarferðinni þar sem stúlka datt á hjóli og hlaut blóðnasir og vott af heilahristing. Stúlkan var samt sem áður með hjálm. Ekki varð komist hjá smáskeinum sem voru læknaðar með plástrum.

# Þátttaka vinnuskólans

Sér til aðstoðar höfðu leiðbeinendurnir unglinga frá Vinnuskóla Reykjanesbæjar sem stóðu sig með ágætum. Það verður að segjast alveg eins og er að án aðstoðar vinnuskólans væri þyngra að reka íþrótta- og leikjaskólann. Á fyrra námskeiði voru þó heldur margir aðstoðarmenn miðað við fjölda barna á námskeiðinu. Vinnuskóli Reykjanesbæjar var mjög liðlegur við útvegun á aðstoðarfólki og á hann bestu þakkir skilið.

# Börn sem þurfa meiri aðstoð

Nauðsynlegt er að fatlaðir, andlega sem líkamlega, fái að taka þátt í starfsemi sem þessari. Fatlaðir mega ekki gleymast þegar bæjarfélagið og íþróttahreyfingin gera samning um umsjón íþrótta og leikjaskóla eða aðra þá starfsemi sem í boði er. Það er nauðsynlegt að börn sem njóta aðstoðar þegar þau eru í skóla haldi þeirri aðstoð áfram og komi inn í íþrótta- og leikjaskóla eða aðra þá starfsemi sem er í gangi með sinn aðstoðarmann, ef það á að vera hægt að taka á móti þeim og sinna þeim á réttan hátt.Við fengum nokkur ofvirk börn, börn með einhverfu og börn með hinar ýmsu þroskahamlanir, gekk misjafnlega vel að hafa þau börn og hefðu sum þeirra þurft að hafa með sér aðstoðarmanneskju. **Er því nauðsynlegt að börn sem njóta aðstoðar þegar þau eru í skóla haldi þeirri aðstoð áfram.**

# Bækistöðvar

Bækistöðvar íþrótta og leikjaskólans voru í Reykjaneshöllinni að þessu sinni. Börnin mættu þar við upphaf hvers dags og þar endaði alltaf dagurinn. Skrifstofa KEFLAVÍKUR íþrótta og ungmennafélagsins að Hringbraut 108 var einnig notuð undir fundi og aðra skipulagsstarfsemi. Starfsfólk og forstöðumenn Reykjaneshallar og Sundmiðstöðvar eiga mikið lof skilið fyrir liðlegheit, enda var þetta fólk ávallt tilbúið að aðstoða á allan hátt.

# Dagskráin

Bæklingi með dagskrá námskeiðsins og hagnýtum upplýsingum fyrir foreldra var dreift við innritun einnig var hægt að nálgast hana á heimasíuð Keflavíkur. Ákveðið var að hafa seinna námskeiðið með svipuðu sniði og það fyrra, þó varð smávægileg breyting á milli námskeiða þar sem að 17. júní kom inn í á fyrra námskeiðinu og því var settur inn leikjadagur á seinna námskeiðinu.

## *Fyrra námskeið.*

**Vika 1.**

| | |
|---|---|
| 15. júní | Raða í hópa og farið í gönguferð, spjallað saman um hvað sé framundan. Farið í leiki. |
| 16. júní | Boltadagur |
| 17. júní | Frí (Þjóðhátíðardagur) |
| 18. júní | Hjólreiðaferð |
| 19. júní | Fjársjóðsleit |

**Vika 2.**

| | |
|---|---|
| 22. júní | Víkingadagur |
| 23. júní | Fjölþrautadagur |
| 24. júní | Gróðursetning |
| 25. júní | Sund / Skoðunarferð |
| 26. júní | Sund / Skoðunarferð |

**Vika 3**.

| | |
|---|---|
| 29. júní | Ratleikur |
| 30. júní | Óvissuferð (Fyrir og eftir hádegi fara á sama tíma) |
| 1. júlí | Sköpunardagur |
| 2. júlí | Útileikir |
| 3. júlí | Lokadagur – Íþróttahátíð Kela Keflvíkings. Útskrift og grillveisla |

## *Seinna námskeið.*

**Vika 1.**

| | |
|---|---|
| 6. júlí | Raða í hópa og farið í gönguferð, spjallað saman um hvað sé framundan. Farið í leiki. |
| 7. júlí | Boltadagur |
| 8. júlí | Hjólareiðaferð |
| 9. júlí | Leikjadagur |
| 10. júlí | Fjársjóðsleit |

**Vika 2.**

| | |
|---|---|
| 13. júlí | Víkingadagur |
| 14. júlí | Fjölþrautadagur |
| 15. júlí | Gróðursetning |
| 16. júlí | Sund / Skoðunarferð |
| 17. júlí | Sund / Skoðunarferð |

**Vika 3.**

| | |
|---|---|
| 20. júlí | Ratleikur |
| 21. júlí | Óvissuferð (Fyrir og eftir hádegi fara á sama tíma) |
| 22. júlí | Sköpunardagur |
| 23. júlí | Útileikir |
| 24. júlí | Lokadagur – Íþróttahátíð Kela Keflvíkings. Grill fyrir börn, foreldra og systkini. |

Dagskráin stóðst að mestu leiti.

# Mælingar á árangri barna

Þegar börnin útskrifast úr íþrótta og leikjaskólanum fá þau í hendur viðurkenningarskjal sem sýnir árangur þeirra í einstökum greinum. Þeir sem hafa verið í íþrótta og leikjaskólanum áður getað borið árangur sinn saman milli ára. Foreldrar/forráðamenn hafa oft spurt okkur hvernig þeirra barn standi miðað við heildina þegar þau sjá skjalið sem sýnir árangur barna þeirra.

# Samstarfsaðilar

Mikið af fólki, fyrirtækjum og stofnunum aðstoðaði Íþrótta og leikjaskólann á einn eða annan hátt. Fólkið á þessum stöðum var í öllum tilfellum tilbúið að aðstoða á alla mögulega vegu og kann Keflavík Íþrótta-og ungmennafélag þeim bestu þakkir. Helstu samstarfsaðilar sumarið 2009 voru; Sundmiðstöðin við Sunnubraut, Reykjaneshöll, Sláturfélag Suðurlands, Vinnuskóli Reykjanesbæjar, Vífilfell, Nýja Bakarí, SBK, Nettó, Velferðarsjóður barna og Reykjanesbær (ÍT), en Reykjanesbær styrkti Íþrótta og leikjaskólann auk þess sem hann útvegaði skólanum aðstöðu.

# Myndir og heimasíða

Að þessu sinni voru teknar hátt í 700 myndir af nemendum skólans við hina ýmsu iðju. Þær voru settar inn á heimasíðu skólans þar sem foreldrar/forráðamenn, jafnt sem nemendur, gátu skoðað þær. Slóðin á myndasafnið er : http://keflavik.is/myndir/ Þar er einnig er hægt að sjá skýrslur skólans frá árinu 1999. Teljum við að þetta sé þáttur af því að auka og um leið bæta samstarf skólans við foreldra/forráðamenn.

# Kostnaður -Uppgjör

Eins og undanfarin ár hefur Reykjanesbær stutt dyggilega við rekstur skólans með styrkveitingu. Í ár var sótt um styrk frá Velferðarsjóði barna og hlaut íþrótta og leikjaskólinn styrk. Námskeiðsgjald var frekar lágt þetta árið eða 3500 kr. sem er mjög lítið fyrir allt það sem er í boði á námskeiðinu. Meðal annars má þakka styrknum frá Velferðarsjóði barna sem var til þess að hægt var að niðurgreiða þátttökugjaldið um helming. Ekki væri hægt að reka skólann einungis með skráningargjöldum nemenda. Sú upphæð dugir ekki fyrir rútuferð og aðgangseyri íhúsdýragarðinn, grillveislu, sundferðum, fjársjóð, launum skólastjóra og leiðbeinenda, auglýsingum, prentun, gjöfum á lokadegi og öðrum kostnaði. Að niðurgreiða þáttökugjaldið hefur án efa komið sér vel í árferðinu sem nú er og voru foreldrar mjög ánægðir með framtakið. Óvissan um fjölda barna milli ára gerir reksturinn áhættusaman. Því ekki er hægt að reikna út fyrir fram tekjur skólans og þar með er mjög erfitt að gera rekstaráætlun fyrir skólann.

# Að lokum

Undirritaður vill þakka öllum þeim sem komið hafa að starfsemi skólans með einum eða öðrum hætti fyrir gott samstarf.

Keflavík 24. júlí 2009

***Einar Haraldsson***

*Formaður KEFLAVÍKUR*

# Nafnalisti

## Fyrra námskeið 15.júní – 3 júlí

| Nafn | Heimili | Kennitala |
|---|---|---|
| **Fyrir hádegi** | | |
| Berglind Björk Aðalsteinsdóttir | Lágmóa 6 | 040602-2830 |
| Sunna Líf Zan Berþórsdóttir | Melteigur 21 | 080601-3360 |
| Birta Rún Benediktsdóttir | Faxabraut 37 b | 130301-3120 |
| Anna Ingunn Svansdóttir | Lágmóa 8 | 011001-2960 |
| Ástþór Grétar | Heiðarholt 44 | 110602-3590 |
| Orri Freyr Ingimundarson | Elliðavellir 3 | 231202-2850 |
| Ómar Snorri Garðarsson | Heiðarbakki 14 | 230602-2630 |
| Eðvarð Már Eðvarðsson | Heiðarbraut 13 | 271102-3990 |
| Sara Margrét Frederick | Hátún 37 | 121001-3140 |
| Ástrós Elísa Eyþórsdóttir | Gígjuvellir 8 | 110602-3320 |
| Sævar Freyr Guðlaugarson | Hólabraut 8 | 211102-4030 |
| Sara Lind Kristjánsdóttir | Hátún 24 eh | 130802-3970 |
| Viktoría Dröfn Alexandersdóttir | Sunnubraut 2 | 080401-2640 |
| Ashwina Vikas Pethkar | Faxabraut 25h | 291002-3310 |
| Elísa Vilhjálmsdóttir | Hrauntún 6 | 020301-3090 |
| Sara Lind Reynisdóttir | Hátún 24 nh | 160402-3770 |
| Along Alexander Loftsson | Mávabraut 9 b | 110100-3610 |
| Svanfríður Erla Heiðarsdóttir | Háteigur 14c | 250401-3450 |
| Emil Örn Gunnarsson | Greniteigur 20 | 280501-2470 |
| Sigurður Þráinn Sigurðsson | Hjallavegur 3 n | 190602-3540 |
| Sigrún Helga Guðnadóttir | Háholt 24 | 120402-2180 |
| Eggert Sólberg Eggertsson | Bergvegur 24 | 011002-3220 |
| Lára Katrín Halldórudóttir | Melteigur 23 | 231001- |
| Andrea Rán Davíðsdóttir | Borgarvegur 52 | 090101-3230 |
| **Eftir hádegi** | | |
| Sigrún Björk Sigurðardóttir | Langholt 10 | 271202-2450 |
| Helga Guðrún Sigurðardóttir | Langholt 10 | 271202-2530 |
| Pámi Rafn Arinbjörnsson | Holtsgata 12 | 291103-3080 |
| Aron Freyr Hill | Heiðarholt 22 | 190402-2580 |
| Eiríkur Svan Hill | Heiðarholt 22 | 200799-2599 |
| Eyþór Ingi Róbertsson | Baugholt 20 | 181201-3470 |
| Bjarni Már Ástþórsson | Háteigur 21 | 021002-3560 |
| Ægir Þór Viðarsson | Vatnsnesvegur 15 | 120102-3620 |
| Róbert Andri Breiðfjörð | Smáratún 48 | 130501-2650 |
| Jónas Máni Steinarsson | Suðurgata 27 | 271202-2290 |
| Karl Dúi Hermannsson | Hringbraut 56 | 111000-2630 |
| Elín Rós Bjarnadóttir | Bjarnarvöllum 20 | 040301-3210 |
| Róbert Bergmann Tryggvason | Hamragarður 8 | 150902-2660 |
| Alexander Kalmykov | Sunnubraut 2 | 011002-3820 |
| Sigurður Skagfjörð | Melavegur 1b | 230101- |
| Elva Margrét Sverrisdóttir | Bragavellir 8 | 160501-2510 |
| Andri Snær Hennings | Ásvellir 8 | 120302-3960 |
| Erna Rós Agnarsdóttir | Faxabraut 66 | 210802-3040 |
| Diljá Rún Ívarsdóttir | Sóltún 16 | 010402-2470 |
| Sólrún Lilja Ágústsdóttir | Miðtún 5 eh | 151201-2960 |
| Jóhann Leo Gunnarsson | Túngata 17 | 250499-2729 |
| Kolbrún Harpa Þorvarðardóttir | Heiðarholt 28b | 160702-3380 |

| | | |
|---|---|---|
| Alexander Pálmi Ólafsson | Sjafnarvellir 7 | 220103-3310 |
| Tara Ársól Heimisdóttir | Ægisvellir 25 | 121102-3290 |
| Róbert S Reynisson | Svölutjörn 10 | 300699-2949 |
| Ólafur G Reynisson | Völuás 16 | 170101-2860 |

## Seinna námskeið 6.júlí – 24 júlí

| | | |
|---|---|---|
| **Fyrir hádegi** | | |
| Marta Alda Pitak | Vallarás 18 | 260501-3050 |
| Jakub Ingvar Pitak | Vallarás 18 | 130799-3459 |
| Hilmir Snær Þorvaldsson | Heiðarbraut 31 D | 020500-3790 |
| Elvar Snær Þorvaldsson | Heiðarbraut 31 D | 130502-3180 |
| Advait Nair | Hátún 22 | 40300-3170 |
| Elvar Snær Guðjónsson | Hátún 9 | 120400-3550 |
| Birgitta Ýr Jónsdóttir | Hátún 12 | 090700-3670 |
| Erna Dís Friðriksdóttir | Lyngmói 18 | 250302-3390 |
| Einar Bjarki Einarsson | Birkiteig 15 | 180601-2870 |
| Ægir Þór Viðarsson | Vatnsnesvegur 15 | 120102-3620 |
| Sigurey Bára Reynisdóttir | Mávabraut 9 | 300498-2059 |
| Jóhann Dagur Sverrisson | Aðalgata 21 | 140402-2220 |
| Sóley Birta Ólafsdóttir | Heiðarholt 1c | 270703-3210 |
| Berglind Björk Aðalsteinsdóttir | Lágmóa 6 | 040602-2830 |
| Ólafur Þorsteinn Skúlason | Freyjuvellir 1 | 311099-2729 |
| Pétur Loftur Árnason | Hátún 10 | 240398-3469 |
| Eygló Nanna Antonsdóttir | Langholt 15 | 270509-2840 |
| Alexander Viðar Garðarsson | Vesturgata 25 | 270903-3390 |
| **Eftir hádegi** | | |
| Amalia Ruwjonsdottir | Skólavegi 42 | 020603- |
| Kjartan Freyr Björnsson | Smáratún 28 | 290702 |
| Kristófer Orri Svansson | Hringbraut 130 t | 250199-3179 |
| Bergsveinn Leó Svansson | Hringbraut 130 t | 020701-2690 |
| Birna Hilmarsdóttir | Efstaleiti 65,kef | 270902-3240 |
| Sunneva Bergmann Vignisdóttir | Heiðarholt 26 | 130900-4290 |
| Elvar Ólafsson | Tjarnarbraut 8c | 170801-3180 |
| Malwina Maria Rabibz | Heiðarhvammi 7d | 260300-3690 |
| Birgitta Sif Gunnarsdóttir | Sunnubraut 13 | 170798-2629 |
| Hera Sóley Sölvadóttir | Lágseylu 32 | 100899-2139 |
| Erla Bergmann Einarsdóttir | Heiðarbraut 7e | 250400-4030 |
| Aron Ingi Sævarsson | Vatnsnesvegur 30 | 290903-3860 |
| Dagur Jónasson | Hátún 20 | 070503-3950 |
| Jökull Máni Jakobsson | Hringbraut 136-i | 271003-3040 |
| Róbert R. Cardóna | Hringbraut 130 t | 130300-3080 |
| Leonardo G. Rikarðsson | Fífumóa3d | 390502-3140 |
| Guðmundur Ármann Sveinsson | Háholt 25 | 210703-3140 |
| Arndís Lind Aðalbjörnsdóttir | Heiðarból 65 | 130100-3250 |
| Ásta Rún Arnmundsdóttir | Heiðarholt 25 | 121003-2950 |
| Valdís Viktoría Pálsdóttir | smáratún 31 | 231299-8979 |
| Eygló Rún Árnadóttir | Hátún 10 | 280501-2390 |
| Elín María Gunnarsdóttir | Sunnubraut 13 | 241299-3769 |
| Gígja Guðjónsdóttir | Langholt 17 | 110209-3730 |
| Brynjar Leó Hjartarson | Vatnsnesvegur 34 | 181003-3160 |

| | | |
|---|---|---|
| Stefán Julian Sigurðsson | Sunnubraut 12 | 200177-5769 |
| Yasin Osorio | Mávabraut 12d | 140909 |
| Elísabet María Kristins | Baldursgata 12 | 010803-2280 |
| Snorri Þóroddsson | Skógarbraut 931 | 160202 |
| Teitur Julian Smith | Austurbraut 1221, 2b | 230803-2850 |
| Egill Máni Jóhannsson | Sjá blað | 250303-2540 |
| Urður Unnardóttir | | |
| Lovísa Íris Stefánsdóttir | Heiðarból 21 Keflavík | 260100-3780 |
| Tómas Elí Stefánsson | Heiðarból 21 Keflavík | 190702-2940 |

# Gröf

## *Tölfræði*

## *Kynjaskipting*



# Aldursskipting






## *Aldursskipting*

